

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðar-/þjónustu- og verslunarsvæðis við Flatahraun, reitur 3.1 – Gjótuhraun 3 og 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 28. júní 2023 samþykkt breyting á deiliskipulagi iðnaðar-/þjónustu- og verslunarsvæðis við Flatahraun. Breytingin felst í sameiningu lóða við Gjótuhraun 3 og 5. Nýr byggingarreitir fyrir tengi-byggingu nær á milli bygginga nr. 3 og 5. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,38. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 16. október 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner, verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 30. október 2023